

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 166/2017

2019/EES/52/17

frá 22. september 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1200 frá 5. júlí 2017 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1201 frá 5. júlí 2017 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1202 frá 5. júlí 2017 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 125. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/644) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „126. **32017 R 1200:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1200 frá 5. júlí 2017 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjútíð. ESB L 173, 6.7.2016, bls. 1).
127. **32017 R 1201:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1201 frá 5. júlí 2017 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjútíð. ESB L 173, 6.7.2017, bls. 4).
128. **32017 R 1202:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1202 frá 5. júlí 2017 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjútíð. ESB L 173, 6.7.2017, bls. 6).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/1200, (ESB) 2017/1201 og (ESB) 2017/1202, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 173, 6.7.2017, bls. 1.⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 173, 6.7.2017, bls. 4.⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 173, 6.7.2017, bls. 6.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.